



**14. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2023/2024**  
**haldinn miðvikudaginn 7. maí 2024, kl. 11:45,**  
**Aðalbygging, herbergi 230**

**Fundinn sátu:** Baldvin Zarióh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Davíðsdóttir, Haukur Logi Karlsson, Íris Hrönn Guðjónsdóttir og Ármann Höskuldsson.

**Forföll boðuðu:** Arngrímur Vídalín og Jóna Margrét Ólafsdóttir.

Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

**Dagskrá:**

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 3. apríl 2024.
2. Fundargerð aukastjórnarfundar, dags. 9. apríl 2024.
3. Aðalfundur 2024, skipulag.
4. Ársreikningur 2023
5. Breyting á framlagi í kjaradeilusjóð, tímabundið.
6. Erindi frá RÍ dags. 26. apríl, vinnustofa vegna vakta- og viðverukerfa.
7. Kjaramál, staða mála.
8. Fundur með fjármálanefnd HÍ um deililíkan, dags. 22.4.
9. Fundur með samráðsnefnd HÍ, ásamt FPR um fæðisfé, dags. 22.4
10. Málþing Fh, FPR og FHA, um vinnumat.
11. Norrænn fundur 10. – 12. júní, undirbúningur og akademískt frelsi.

**1. Fundargerðir 3. og 9. apríl sl.**

Fundargerðir voru samþykktar.

**3. Aðalfundur Fh árið 2024**

Sigríður Jónsdóttir verður fundarstjóri, Baldvin mun flytja skýrslu stjórnar, Íris D. skýrslu Starfsþróunarsjóðs félagsins og Íris Hrönn kynnir ársreikning 2023.

**4. Ársreikningur 2023**

Farið yfir ársreikninginn. Rætt m.a. um áhrif gjaldamódel BHM á rekstur félagsins, sem er 38% af tekjum félagsins á árinu 2023 en 31% á árinu 2022. Fyrir væntanlegan aðalfund BHM liggur fyrir tillaga sem gætu lækkað þetta hlutfall.

**5. Tímabundið framlag í kjaradeilusjóð**

Ákveðið að leggja fyrir aðalfund félagsins að hækka tímabundið framlag í kjaradeilusjóð úr 9,1% í 12% á tímabilinu júní til desember 2024.

## **6. Vakta- og viðverukefi erindi frá Mannauðssviði HÍ**

Ákveðið að Jens Guðmundur og Ármann verði fulltrúar félagsins á vinnustofunni.

## **7. Kjaramál**

Baldvin sagði frá stöðu mála. Félagið hefur tekið þátt í samstarfi 13 félaga innan BHM og tveir fundir hafa verið haldnir með Samninganefnd ríkisins (SNR). Þá hafa verið boðaðir tveir fundir til viðbótar þar sem m.a. á að ræða um launatöflu leiðréttingar sbr. bókun 1 í gildandi kjarasamningi og námsleyfi. Kröfugerð félaganna Fh, FHA og FPR er á lokametrunum og í yfirllestri formannanna.

BHM13 og SNR er meðvituð um að háskólafélögin muni vilja sér fundi til að ræða sérmál. Rætt um næstu skref og mögulega dagsetningu undirritunar kjarasamnings. Gangur viðræðna gefur ekki tilefni til mikillar bjartsýnar á að skrifað verði undir kjarasamning fyrir sumarfrí.

## **8. Fundur með fjármálanefnd um deililíkan**

Baldvin sagði frá fundi með Þóroddi frá FPR þar sem hann fór yfir áhrif breytingu deililíkans á félagsvísindasviðs. Fram kom m.a. að breytingin letur til samstarfs milli deilda og sem hefur áhrif á þreyttar einingar. Sjónarmiðum og áhyggjum félaganna var komið á framfæri með fjármálanefnd HÍ á fundi í apríl. Á fundinum var líka farið yfir stöðu skýrslu nefndar um mat á kennslustunda til vinnustunda.

## **9. Fundur um breytingar á fæðisfé, sbr tp. frá samráðsnefnd**

Haldinn var sameiginlegur fundur Fh og FPR með fulltrúm samráðsnefndar HÍ vegna fyrirhugaðar breytingar á fæðisfé vegna rekstarhalla HÁMU. Félagin komu sínum sjónarmiðum á framfæri m.a. að engin trygging verði fyrir betri gæðum hjá HÁMU, þrátt fyrir að andvirði þess fæðisfjár sem HÍ greiðir til starfsfólks renni í reksturinn. HÍ mun taka athugasemdir félaganna til skoðunar.

## **10. Málþing Fh, FPR og FHA, um vinnumat**

Mikil ánægja var með málþingið og um það bil 120 manns sátu fundinn í sal og á fjarfundi.

## **11. Norrænn fundur 10. – 12. júní nk.**

Fimm fulltrúar stjórnar munu sækja fundinn og undirbúningur gengur vel. Ármann sagði frá fundum sem hann hefur átt sem fulltrúi félagsins í nefnd norrænu félaganna um akademískt frelsi. Fyrir liggur að nefndin muni leggja fyrir væntanlegan fund ályktun um akademískt frelsi, sem verður send á stjórnvöld og til norrænu ráðherranefndarinnar.

Fleira ekki gert og fundi lauk kl. 13:30

Næsi fundur óákveðinn.